



Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Þriðjudagur 21. júní 2022 kl. 18:00 – 21:00 á Seyðisfirði

Mætt

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson ritari, Ingirafn Steinarsson aðalmaður, Tinna Guðmundsdóttur varamaður, Jónína Brynjólfsdóttir, Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir, Zuhaitz Akizu, Katla Rut Pétursdóttir.

Dagskrá

- 1) Stjórn og starfsmenn fóru um húsnæði safnsins og mátu stöðuna á ýmsum verkefnum.
 - a) Á Strönd hefur verið lyft grettistaki í grisjun muna og stendur til að sú vinna haldi áfram í haust þegar Ívar og Halli koma til starfa fyrir safnið aftur. Senda þarf erindi á Þjóðminjasafnið til að óska eftir áframhaldandi þátttöku þeirra í grisjunarverkefninu með aðkomu Lilju Árnadóttir.
 - b) Ljóst er að húsnæðið á Strönd er umtalsvert og því spurning hvort safnið þurfi ekki að huga að því að minnka kostnað við leigu með því að finna sér húsnæði til kaups eða til leigu sem er minna.
 - c) Skoðað var aðstaða í Meyjarskemmunni þar sem okkar munir af Símsstöðinni eru varðveittir í hituðu húsnæði.
 - d) Skoðaðar voru framkvæmdir við Vélsmiðjuna og rætt um framtíðarmöguleika þess húsnæðis og möguleika safnsins til að nýta það á meðan uppbyggingarfasa stendur.
- 2) Stjórn og starfsmenn borðuðu saman í framhaldi og farið var yfir stöðu helstu verkefna
- 3) Önnur mál
 - a) Auðbjörg. Rætt um stöðu mála varðandi bátinn.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.